

18.09.2020

## Samkomulag um prófyfirsetu

Háskólasetri Vestfjarða er ætlað að þjónusta fjarnema á öllum Vestfjörðum, en hefur til þessa haft aðgang að starfsmönnum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða þar sem þurft hefur, enda sjálft ekki með starfsmenn á sunnanverðum Vestfjörðum né á Ströndum. Háskólasetur Vestfjarða og Fræðslumiðstöð Vestfjarða endurnýja nú hér með samkomulag sín á milli frá janúar 2013 og apríl 2016 varðandi þjónustu háskólanema á sunnanverðum Vestfjörðum og á Ströndum, en bæta við prófyfirsetuákvæði á Ísafirði.

Grunnabyrgð á prófum er hjá Háskólasetrinu. Kennslustjóri aflar nauðsynlegra upplýsinga hjá háskólunum og útbýr próftöflur fyrir hvert svæði fyrir sig. Kennslustjóri sendir fyrirfram tilgreindum starfsmönnum Fræðslumiðstöðvarinnar á Patreksfirði, Hólmavík og Ísafirði próftöflur og tryggir að þeir geti sinnt prófumsjón. Starfsmenn Fræðslumiðstöðvarinnar eru eftir það ábyrgir fyrir þeim prófum, sem og hugsanlegum breytingum skv. upplýsingum frá kennslustjóra Háskólaseturs. Hafa ber í huga að Fræðslumiðstöðin er lokuð í júlímánuði. Stefnt skal að því að nemendur og háskólar hafi samband við Háskólasetur. Það á að teljast til undantekningar að þeir snúi sér beint að starfsmönnum Fræðslumiðstöðvarinnar.

Kennslustjóri birtir próftöflur á vefsíðu Háskólaseturs, en það er velkomið að Fræðslumiðstöðin geri það sama hjá sér.

Fræðslumiðstöð heldur skrá um próf og próftökur og skal Háskólasetrið greiða samkvæmt því. Bráðabirgðauppgjör verður gert við lok vorannar og lokauppgjör í lok árs.

Greiða skal að jafnaði 3 klst. per próf auk 0,5 klst. undirbúning/eftirvinnslu sinnum kr 4.500 tímakaup með ltgj.

Þar sem eru fleiri en einn í prófi greiðist fyrir hvern umfram þann fyrsta 3,5 klst. sinnum 2.700 kr. tímakaup með ltgj.


Reiknað er með að Háskólasetrið sjái að jafnaði sjálft um prófyfirsetu á Ísafirði um morguninn eins og hingað til, en muni færa prófyfirsetu eftir hádegi til Fræðslumiðstöðvar. Til að skapa lágmarksskipulagsöryggi skuldbindir Háskólasetrið sig til að kaupa ekki minni þjónustu en nemur andvirði 2.000.000 kr. frá september 2020 til júní 2021. Þetta gildir líka ef prófin væru færri, t.d. vegna heimsfaraldurs.

Skriflegar prófúrlausnir skulu skannaðar og sendar með tölvupósti beint til háskólanna, en aukalega með bréfpósti þar sem þess er krafist. Háskólasetrið ber burðargjaldið skv. yfirliti frá Fræðslumiðstöð.

Prófin á Ísafirði fara alla jafna fram í húsnæði Háskólaseturs og ber það kostnað vegna þess. Ef Fræðslumiðstöð fer fram á að prófin fari fram í Fræðslumiðstöð þá ber hún kostnað af því.

Kennslustjóra Háskólaseturs er heimilt að vera í beinu sambandi við starfsmenn Fræðslumiðstöðvarinnar á grundvelli þessa samnings. Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar fylgja prófstöðlum sem háskólar og etv. Háskólasetrið setja.

Samkomulag þetta er grundvöllur greiðslna Háskólaseturs fyrir námsárið 2020/2021 og verður endurskoðað í júní 2021.



Peter Weiss  
Forstöðumaður  
weiss@uw.is  
450 3045 • 869 3045



Sædis María Jónatansdóttir  
Forstöðumaður  
saedis@frmst.is  
456 5025 • 861 4408